

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Deiliskipulag Kinna.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 26. júlí 2007 deiliskipulag Kinna í Hafnarfirði. Deiliskipulagið felur í sér þau meginmarkmið að stuðla að hæfilegri uppbyggingu og endurnýjun innan eldra íbúðahverfis bæjarins. Farið var með deiliskipulagið skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og það yfirfarið af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 21. ágúst 2007,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 4. september 2007